

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2017

2019/EES/11/35

frá 5. maí 2017

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB frá 20. nóvember 2013 um að koma á fót almennri aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála til ársins 2020 „Gott líf innan marka plánetunnar okkar“ ⁽¹⁾.
- 2) Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn svo aukið umfang samstarfsins geti átt sér stað.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við í 7. mgr. 3. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

- „e) **32013 D 1386**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB frá 20. nóvember 2013 um að koma á fót almennri aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála til ársins 2020 „Gott líf innan marka plánetunnar okkar“ (Stjútíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 171).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins hefur farið fram (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. maí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 171.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Yfirlýsing EFTA-ríkjanna
vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2017 um að fella ákvörðun
Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB inn í bókun 31 við EES-samninginn

Í almennri aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála til 2020 „Gott líf innan marka plánetunnar okkar“ eru þættir sem falla utan gildissviðs EES-samningsins. EFTA-ríkin leggja áherslu á að ákvörðunin um að fella áætlunina inn í bókun 31 við EES-samninginn er með fyrirvara um gildissvið samningsins.